

## REGLUGERÐ

### um holræsi og holræsagjöld í Höfðahreppi, Skagaströnd.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn hefur ein heimild til þess að leggja holræsi um Höfðakaupstað.

#### 2. gr.

Þar sem sveitarstjórn hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða opið svæði, er hverjum húseiganda, sem á lóð þar að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji skólþ frá húsinu út að aðalræsi, og halda við sinni heimað. Regnvatn af húsi eða lóð skal einnig, að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í húsræsið. Ef húseigandi vanrækir að leggja holræsi innan hæfilegs frests, sem sveitarstjórn tiltekur, skal verkið unnið á hans kostnað. Greiða skal kr. 5 000.00 í tengigjald.

#### 3. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi, skal hann leggja fram uppdrátt af holræsalögn innanhúss og í grunni, er sýni legu, halla og stærð, gerð og annað því viðkomandi.

Aðeins pípulagningamanni eða öðrum, sem sveitarstjórn hefur samþykkt, skal heimilt að leggja holræsalagnir.

Engar lagnir má hylja fyrir en byggingafulltrúi hefur samþykkt þær.

#### 4. gr.

Allt efni, sem notað er til holræsagerðar, skal standast þær kröfur, sem til slíks eru gerðar í byggingarsamþykkt, en auk þess getur hreppsnefnd sett reglur um holræsaefni, t. d. ef um nýjungar á því sviði er að ræða. Hreppsnefnd getur gert kröfur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi þar, sem ástæða þykir til.

#### 5. gr.

Bannað er að láta renna í holræsakerfið sýrur, sterkan lút, oliur, kvikasilfur eða önnur efni, sem geta valdið skemmdum á holræsakerfinu eða varanlegri mengun.

#### 6. gr.

Kostnaður við holræsagerð staðarins greiðist úr sveitarsjóði. Til þess að standast útgjöld þau, sem stafa af lagningu holræsanna, ber hverjum þeim, sem hús á, lóð eða lóðarréttindi við götu eða veg eða opið svæði, þar sem hreppurinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til sveitarsjóðs 0.10% af fasteignamati húss og lóðar, þó aldrei minna en kr. 500.00 af húsi eða hluta af húsi, sem talinn er sér í fasteignamati, enda sé skólþlögn að viðkomandi húseign eða húshluta. Gjöld samkvæmt grein þessari er sveitarstjórn heimilt að hækka eða lækka um 50%, án þess að samþykki ráðuneytisins komi til.

#### 7. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds.

Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveði í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er sá sami og fasteignaskatts.

## 8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 10 000.00, sem rennur í sveitarsjóð. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Höfðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 11. janúar 1974.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

## S A M Þ Y K K T

### um sorphreinsun í Eskifjarðarhreppi.

## 1. gr.

Eskifjarðarhreppur sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kaupþúnsins, eða þeir sem hann felur það verkefni. Fer hún fram undir yfirstjórn sveitarstjóra og með umsjón heilbrigðisnefndar hreppsins.

## 2. gr.

Sorp skal sett í sérstaka poka, sem sorphreinsunarmenn sjá um að koma fyrir í þar til gerðum sorpskápum, sem starfsmenn hreppsins ganga frá í samráði við húseigendur. Heimilt er húseigendum að ganga frá sorpskápum í samráði við starfsmenn hreppsins.

## 3. gr.

Húseigendum ber að sjá um málningu og viðhald á sorpskápunum. Einnig að hafa jafnan greiðfæran stíg að skápunum að minnsta kosti 1 meters breiðan.

## 4. gr.

Ekki má setja meira sorp í pokana en svo, að auðveldlega megi loka þeim þegar skipt er um poka.

Fyllsta hreinlætis skal gætt umhverfis sorpilátin.

## 5. gr.

Við hvert íbúðarhús skal vera a. m. k. einn skápur fyrir hvert heimili. Ef nauðsyn krefur t. d. vegna stórhátíða eða ef kemur til stöðvunar á sorphreinsun, þá ber húseigendum að hafa samband við starfsmenn hreppsins, sem munu afhenda aukapoka eftir þörfum.

## 6. gr.

Sorphreinsun skal fara fram á virkum dögum, á tímabilinu frá kl. 7.00 til kl. 23.00 og ekki á öðrum tímum. Skal hún framkvæmd vikulega, ef færð og aðrar aðstæður leyfa, en þó eigi sjaldnar en 40 sinnum á ári.